

## Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn Erlu Óskar Ásgeirsdóttur um fríverslunarviðræður.

*1. Hver er staða fríverslunarviðræðna milli Íslands og Kína og hvenær er áætlað að samningum verði lokið?*

Fríverslunarviðræður á milli Íslands og Kína hófust í apríl 2007. Fjórar samningalotur hafa verið haldnar, sú fyrsta í apríl 2007, önnur í júní 2007, þriðja í október 2007 og sú fjórða í apríl 2008.

Í viðræðunum hefur komið fram að talsvert ber enn á milli samningsaðila á nokkrum sviðum, t.d. hvað varðar markaðsaðgang fyrir sjávarafurðir, þjónustuviðskipti og aðgang að íslenskum vinnumarkaði.

Bæði ríkin hafa lagt fram tilboð á sviði vöruviðskipta. Í tilboði Íslands er boðin niðurfelling tolla á sjávarafurðum og iðnaðarvörum, svo og lækkun eða niðurfelling tolla á tilteknum landbúnaðarvörum. Tilboð Kína felur í sér niðurfellingu tolla á vörum að undanskildum nokkrum vörutegundum. Þá hefur Kína farið fram á fimm eða tíu ára aðlögunartíma á niðurfellingu tolla af tilteknum vörutegundum, m.a. á tilteknum sjávarafurðum og iðnaðarvörum sem framleiddar eru hér á landi. Íslenska samninganefndin hefur sótt fast að fá Kína til að falla frá kröfu sinni um aðlögunartíma en án árangurs. Af Íslands hálfu hefur verið lögð rík áhersla á niðurfellingu allra tolla á sjávarafurðum og iðnaðarvörum sem framleiddar eru á Íslandi þegar við gildistöku samningsins.

Bæði ríkin hafa enn fremur gert kröfur og lagt fram tilboð á sviði þjónustuviðskipta, en þar ber enn nokkuð á milli samningsaðila. Af hálfu Kína hafa verið gerðar kröfur um tímabundinn aðgang að íslenskum vinnumarkaði.

Á þessu stigi máls er erfitt að segja til um hvenær samningaviðræðunum lýkur. Frá síðustu samningalotu árið 2008 hefur ekki fengist samþykki Kína fyrir að hefja næstu lotu.

*2. Hver er staða fríverslunarviðræðna EFTA við Hong Kong, Perú, Indland, Tæland, Alsír og Úkraínu og hvenær er áætlað að samningum verði lokið?*

Fríverslunarviðræður við Hong Kong hófust í janúar 2010. Vonast er til að þeim ljúki á þessu ári.

Samningaviðræðum um fríverslunarsamning við Perú er lokið og er unnið að lokafrágangi samningsins. Vonast er til að hann verði undirritaður á næstu mánuðum.

Fríverslunarviðræðum EFTA-ríkjanna og Indlands var ýtt úr vör á árinu 2008 og hafa fjórar samningalotur verið haldnar. Ljóst er að viðræðurnar verða tímafrekar og erfitt er að áætla hvenær þeim lýkur.

Samningaviðræður um fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Tælands hófust árið 2005. Þegar herforingjastjórn tók völdin í Bangkok í september 2006 var ákveðið að fresta viðræðum um óákveðinn tíma. Þingkosningar fóru fram í Tælandi í desember 2007 og hafa EFTA-ríkin lýst því yfir að þau séu reiðubúin að hefja viðræður að nýju.

Fríverslunarviðræður milli EFTA-ríkjanna og Alsír hófust í nóvember 2007 og hafa fjórar samningalotur verið haldnar. Á þessu stigi máls er erfitt að segja til um hvenær samningaviðræðum lýkur. Erfið mál eru óleyst og samningafundir hafa ekki verið haldnir í rúmt ár.

Fríverslunarviðræður hófust milli EFTA-ríkjanna og Úkraínu í apríl 2009. Samningafundir hafa gengið vel fyrir sig og stefna ríkin að því að viðræðunum ljúki á fyrri hluta þessa árs.

3. *Ætlar ríkisstjórnin að eiga frumkvæði að slíkum fríverslunarviðræðum eða tvíhliða viðræðum við önnur ríki á þessu ári?*

Á ráðherrafundum EFTA-ríkjanna sem haldnir eru tvisvar á ári eru teknar ákvarðanir um fríverslunarviðræður.

Sameiginlegur starfshópur EFTA-ríkjanna og Rússlands mælti með því árið 2008 að hefja viðræður um fríverslunarsamning. Á ráðherrafundi EFTA í desember 2009 ræddu ráðherrarnir framvindu mála varðandi Rússland og samþykktu að ljúka undirbúningi að samningaviðræðum svo að þær gætu hafist á árinu 2010. Rússland stofnaði tollabandalag með Hvíta-Rússlandi og Kasakstan 1. janúar 2010. EFTA-ríkin og Rússland ræða nú hvaða áhrif tollabandalagið getur haft á framþróun mála.

EFTA-ríkin og Indónesía luku í árslok 2006 sameiginlegri könnun á því hvort hefja ætti fríverslunarviðræður. Niðurstaðan var sú að mæla með gerð fríverslunarsamnings og er vonast til að viðræður hefjist á þessu ári.

Búið er við að EFTA-ríkin og Víetnam hefji á þessu ári sameiginlega hagkvæmnikönnun um gerð fríverslunarsamnings.

Unnið er að gerð sameiginlegra yfirlýsinga um samstarf EFTA-ríkjanna við Malasíu og Panama. Slíkar yfirlýsingar geta í einhverjum tilvikum verið fyrstu skref í átt að samningaviðræðum.

Síðastliðin ár hafa íslensk stjórnvöld lýst yfir áhuga á að gera fríverslunarsamning við Japan og hefur það reglulega verið áréttað gagnvart Japan. Það var síðast gert á tvíhliða fundi ríkjanna 11. febrúar sl.

Á undanförunum árum hefur Ísland lýst yfir áhuga á að gera fríverslunarsamning við Bandaríkin en möguleiki á gerð slíks samnings hefur verið kannaður ítarlega, fyrst og fremst á vettvangi EFTA. Þar sem ekki náðist að koma á viðræðum milli EFTA-ríkjanna og Bandaríkjanna lýsti Ísland yfir áhuga á gerð tvíhliða samnings. Í kjölfarið kannaði Ísland möguleikann á að gera fríverslunarsamning milli ríkjanna.

Niðurstaða þeirra kannana sem gerðar hafa verið er sú að ekki sé til staðar grundvöllur til að hefja fríverslunarviðræður við Bandaríkin, hvorki á vettvangi EFTA né tvíhliða. Ræður tvennt þar mestu um. Í fyrsta lagi hafa Bandaríkin á undanförunum árum margsinnis gefið til kynna í viðræðum við íslensk stjórnvöld að í ljósi takmarkaðra viðskiptahagsmuna hafi þau ekki áhuga á tvíhliða fríverslunarsamningi við Ísland. Í öðru lagi hafa Bandaríkin gefið skýrt til kynna að forsenda fríverslunarsamnings væri sú að markaðsaðgangur fyrir landbúnaðarvörur, þ.m.t. viðkvæmar landbúnaðarvörur svo sem kjöt- og mjólkurvörur, yrði bættur mjög verulega frá því sem nú er. Hin skýra afstaða Bandaríkjanna varðandi markaðsaðgang fyrir landbúnaðarvörur hefur leitt til þess að ekki hefur verið talið raunhæft af hálfu EFTA-ríkjanna eða Íslands að óska eftir formlegum fríverslunarviðræðum við Bandaríkin.